

Reykjavík, 18. desember 2017

Landssamtök íslenskra stúdentanna vilja óska Lilju Alfreðsdóttur innilega til hamingju með nýtt embætti mennta- og menningarmálaráðherra.

Einnig þökkum við þá viðleitni sem málefnum stúdentanna er sýnd í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar. Við tökum undir orð ríkisstjórnar um að öflugt menntakerfi sé forsenda framfara og fögnum því að ríkisstjórn boði til stórsóknar í menntamálum.

Við endurskoðun á námslánakerfinu er það einlæg ósk okkar að frá upphafi verði haft fullt samráð við stúdentana. Þess vegna óskum við eftir því að skipaðir verði tveir fulltrúar stúdentanna í starfshóp þeirrar vinnu sem fyrst.

Í nýlegri skýrslu *Public Funding Observatory* sem EUA heldur utan um er Ísland í flokki með þremur öðrum löndum sem hafa menntakerfi sem talin eru í hættu. Því er ánægjulegt að í stjórnarsáttmála taki ný ríkisstjórn undir markmið sem fram koma í stefnu Vísinda- og tækniráðs 2017-2019 um að fjárframlög til háskólastigsins nái meðaltali OECD-ríkja árið 2020 og Norðurlanda árið 2025. Það eru einnig gleðitíðindi að sjá loks markmið þessi endurspeglast í fjárlögum fyrir 2018 þar sem um er að ræða aukin fjárframlög til háskólastigsins. Við vonum, og krefjumst þess, að þetta verði eitt skref af mörgum í átt að markmiðunum.

Við teljum brýnt að hafist verði handa sem fyrst við gerð heildstæðrar menntastefnu þar sem settur verður skýr rammi um starfsemi menntakerfis landsins þar sem einnig er tekið til atvika er varða stuðning við stúdentana. Mikilvægt er að slík stefna innihaldi þau markmið er varða menntamál á Íslandi nú og einnig til framtíðar.

Þá viljum við leggja áherslu á gott og raunverulegt samráð við stúdentana þegar unnið er að málefnum sem þá varða. Að lokum viljum við ítreka allar áherslur stúdentanna sem settar voru á oddinn fyrir Alþingiskosningar 2017.

Óski nýr mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, þess að ræða málefni stúdentanna frekar á fundi erum við ávallt reiðubúin til þess

Fyrir hönd Landssamtaka íslenskra stúdentanna,



Aldís Mjöll Geirsdóttir, formaður